

Fundur - 25. nóvember 2004

Ár 2004 þann 25. nóvember kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 20:00. Mætt voru Karl Kristjánsson, Guðrún S. Samúelsdóttir og Ingvar Samúelsson aðalmenn í nefndinni. Einnig mætt Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri, Sveinn Ragnarsson fulltrúi foreldraráðs og Rebekka Eiríksdóttir fulltrúi kennara. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Þetta gerðist:

1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 25. ágúst 2004. Ekki hafði náðst að semja erindisbréf handa nefndinni og verður það lagt fram á næsta fundi. Engar athugasemdir gerðar.

2) Áslaug skólastjóri fór yfir starfsmannamál. Einn kennari er fjarverandi vegna alvarlegra veikinda maka og getur ekki komið til starfa fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót. Guðrún Guðmundsdóttir hefur verið ráðin til bráðabirgða en auglýsa þarf stöðuna. Enn fremur þarf sennilega að auglýsa tvær stöður þar sem tveir kennarar eru barnshafandi.

3) Rætt um áhrif verkfalls á kennsluáætlun. Sveitarstjóri lagði fram bréf frá menntamálaráðuneyti dags. 22. nóvember þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarstjórnnum með hvaða hætti skólahald verði skipulagt í einstökum sveitarfélögum út skólaárið í kjölfar verkfalls grunnskólakennara. Skólastjóri lagði fram bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem fram kemur hvenær samræmd próf í 4. og 7. bekk verða haldin og einnig prófgreinar og prófdagar í 10. bekk vorið 2005. Skólastjóri greindi enn fremur frá því að foreldraviðtöl yrðu 6. desember. Próf á 1. önn falla niður en próf á 2. önn verða færð fram um hálfan mánuð og verða vikuna 17-21. janúar. Skólastjóri hrósaði starfsliði skólans sem stæði sig mjög vel.

4) Sveitarstjóri kynnti bréf sem hann sendi sóknarnefnd Reykhólasóknar 22. september sl. varðandi hugsanlegt samstarf við kirkjuna í tónlistarmálum. Málið snýst um hugsanlega endurreisn tónlistarkennslu í Reykhólahreppi. Svar er ókomið frá sóknarnefndinni.

5) Rætt um fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Gert er ráð fyrir fækkun kennara veturinn 2005-2006 ef nemendum fækkar enn. Áhugi er fyrir því að endurvekja tónlistarkennslu í Reykhólahreppi, annað hvort innan skólans eða með einkareknum skóla. Rætt um að flytja bókasafnið í hluta þess rýmis sem losnar þegar íþróttahúsið verður tekið í notkun og yrði þá héraðs- og skólabókasafn Reykhólahrepps. Nokkurra viðhaldsframkvæmda er þörf, mála þyrfti gamla skólann að utan og endurnýja gólfefni í handavinnustofu/myndmenntastofu.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:35

Karl Kristjánsson (sign)

Guðrún S. Samúelsd. (sign)

Rebekka Eiríks (sign)

Áslaug B. Guttormsd. (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)